

1089. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 20. mars 2013, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 2. hæð

Mætt:

Stefán Einar Stefánsson, Eyrún Ingadóttir, Sigurður Sigfússon, Ásta Rut Jónasdóttir, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigurður Sigfússon, Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritar fundargerð.

Gestir fundarins voru Sólrún Ástvaldsdóttir verkefnastjóri reikningshalds hjá VR og frá Deloitte endurskoðendurnir Pálína Árnadóttir og Erla.

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar**

Þessum dagskrárlið var frestað.

2. **Ársuppgjör og ársreikningur**

Helga kynnti gestina Pálínu og Erlu frá Deloitte og lagði fram skjalið “VR Ársreikningur 2012”. Hún þakkaði þeim stöllum fyrir gott samstarf en á bls. 2 í reikningnum gat að líta áritun óháðs endurskoðanda með þeirri niðurstöðu að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2012, efnahag þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

Fór svo Helga næst yfir helstu tölur í reikningnum.

Kom þar m.a. fram í rekstarreikningi að iðgjöld til félagsins hafi aukist milli ára og að þar komi til almenn launahækkun í byrjun ársins og fjölgun félagsmanna.

Mikil aukning er í útgreiðslu styrkja og sjúkradagpeninga. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lækkar hins vegar um 17 milljónir kr. á milli ára, útbreiðslu- og félagsmál um 43 millj. og rekstur orlofshúsa um 7 milj. Þá var einskíptisgjaldfærsla á afskriftarreikningi að upphæð tæpar 11 milj.

Fjármunatekjur hafa aukist m.a. vegna gengishagnaðar og eru hreinar tekjur til ráðstöfunar kr. 659.268.665. Raunávöxtun á árinu nam 2,3%.

Í efnahagsreikningi kemur fram að eignir standa í kr. 8.486.124.788.

Í yfirliti um sjóðsstreymi kemur fram að handbært fé frá rekstri er kr. 168.871.933.

Þá var lagt til að framlag í VR varasjóð verði kr. 480 milljónir og að það verði tillaga fyrir næsta aðalfund til staðfestingar. Við þá upphæð bætast svo um 10 milljónir kr. aukaframlag vegna ársins 2011.

Næst lögðu þær Pálína og Erla fram skjalið “VR Endurskoðun á ársreikningi 2012 – Skýrsla til stjórnar” dags. 20.03 2013. Pálína fór yfir skjalið sem er hefðbundin áritun með engum fyrirvara. Ein ábending er sem varðar kerfisstjóraaðgang í Axapta, þ.e.

hann væri ekki nægjanlega vel skilgreindur. Sagði hún að þetta hafi strax verið lagfært þegar á það var bent. Fór hún svo yfir helstu atriðin í skýrslunni.

Umræður.

Rætt um greiðslu í VR varasjóð og ofan nefnd tillaga um 480 milljóna kr. framlag og 10 milljón kr. aukaframlag í sjóðinn borin undir atkvæði.

Samþykkt.

Reikningarnir síðan einnig bornir undir atkvæði.

Samþykkt og undirritað.

Síðan var þeim Pálinu og Erlu þakkað fyrir og viku þær af fundi ásamt Sólrúnu kl. 18:30.

3. Sjúkrasjóður VR

a. Umsókn um styrk til tækjakaupa hjá Landsspítala

Ingibjörg Ósk, formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, ræddi um umræður sem urðu í framkvæmdastjórn um styrk til tækjakaupa hjá Landsspítala. Niðurstaða þeirra umræðna var að þrjár tillögur komu fram sem óskað er eftir að stjórn taki til skoðunar þ.e.

- i. Hafna umsókninni og þá helst á þeim forsendum að þessi mál séu á könnu ríkisvaldsins.
- ii. Styrkja verkefnið um 1.5 milljónir kr. með fyrirvara um að farið sé í verkefnið.
- iii. Eiga samráðsfund með forstjóra LSH þar sem farið væri yfir forgangsmál þeirra er varðar tækjakaup og uppbyggingu og það skoðað með það markmið að styrkja þá myndarlega kannski allt að 50 milljón kr. styrk en þó þannig að ekkert sé greitt nema að út í framkvæmdir sé farið sem sótt er um styrk til.

Umræður.

Stefán Einar lagði til að ný stjórn taki þetta fyrir.

Samþykkt.

b. Minnisblað um breytingu á gr. 2.5 í Starfsreglum og stjórnarsamþykkt frá 8.10 2008.

Ingibjörg Ósk ræddi minnisblað sem Árni Leósson sviðsstjóri hafði gert fyrir framkvæmdastjórn. Þar er um að ræða að felld verði niður regla um aldurstakmörkun á sjúkradagpeningum vinnandi félagsmanna. En samkvæmt lögmanni ASÍ stangast aldurstakmörkun á við 49. gr. laga ASÍ um sjúkrasjóði aðildarfélaga auk almenns banns við mismunun starfandi fólks á vinnumarkaði. Er því lagt til að gr. 2.5 í Starfsreglum Sjúkrasjóðs VR sé breytt þannig að út falli orðin “eða eftir að 70 ára aldri er náð” og hún hljómi þannig eftir breytingu:

2.5 Dagpeningar eru ekki greiddir eigi félagsmaður rétt á örorkulífeyri.

Í öðru lagi er, til samræmis, lagt til að felld verði úr gildi svohljóðandi stjórnarsamþykkt frá 08.10 2008:

Allir félagar sem náð hafa 70 ára aldri eru gjaldfrjálssir en eiga hins vegar ekki rétt á greiðslum sjúkradagpeninga úr Sjúkrasjóði VR (sbr. gr. 2.5 í Starfsreglum Sjúkrasjóðs VR), þó þeir séu enn í launuðum störfum. Berist félaginu iðgjöld vegna vinnu gjaldfrjálsra félaga verða þau endurgreidd.

Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs leggur til að stjórn VR samþykki þessar tillögur og var það borið undir atkvæði.
Samþykkt.

c. Niðurfelling láglounastyrkja

Ingibjörg Ósk sagði frá umræðum í framkvæmdastjórn um að tímabært væri að fara að fella niður láglounastyrkina sem voru hugsaðir sem tímabundin aðgerð í upphafi efnahagshrunsins.

Stefán Einar lagði til að ný stjórn taki þetta mál til meðferðar.
Samþykkt.